



Gæði í fullorðinsfræðslu Hlutverk umsjónaraðila

Meginhlutverk umsjónaraðila EQM á Íslandi er að koma á EQM-gæðavottun í landinu og taka þátt í þróun merkisins í Evrópu. Umsjónaraðilinn ber ábyrgð á þýðingum og endurskoðun allra skjala er varða EQM-ferlið. Umsjónaraðili ákvarðar gjald fyrir vottunarferli fræðsluaðila og hvað er innifalið í ferlinu. Umsjónaraðili tekur á móti umsókn frá fræðsluaðila og viðurkennir eða hafnar umsókninni. Ef umsjónaraðili EQM viðurkennir umsókn, þá sendir hann fræðsluaðila reikning ásamt leiðbeiningum, eyðublaði fyrir sjálfsmat EQM og öðrum viðeigandi skjölum.

Umsjónaraðili EQM skipar matsaðila og gerir við hann samning þar sem kveðið er á um skyldur og greiðslu. Eftirfarandi atriði er brynt að taka tillit til við skipun matsaðila:

- að hann sé hlutlaus gagnvart þeim fræðsluaðila sem á að meta
- að hann búi yfir færni og reynslu sem gerir matið trúverðugt
- að hann skilji EQM-kerfið til fullnustu
- að hann hafi fengið þjálfun sem byggir á sérsniðnu fræðsluefni fyrir EQM-matsaðila.

Meginhlutverk umsjónaraðila EQM í matsferlinu er að veita ráðgjöf og styðja fræðsluaðila við sjálfsmatsferlið, ef það er ekki hluti af skyldum í starfslýsingu matsaðila. Umsjónaraðili fær útfyllt sjálfsmatseyðublað frá fræðsluaðila og sendir það áfram til matsaðila þegar sambandi á milli hans og fræðsluaðila hefur verið komið á.

Matsaðili sendir umsjónaraðila uppkast að matsskýrslu og umsjónaraðili metur hana. Umsjónaraðili tilkynnir fræðsluaðila að hann hljóti EQM vottun samkvæmt tillögu matsaðila. Umsjónaraðili afhendir fræðsluaðila EQM-gæðamerkið ásamt reglum um notkun þess.

Ef matsaðili er í vafa eða leggur ekki til að fræðsluaðili hljóti EQM gæðamerkið ber umsjónaraðila að veita fræðsluaðila heimild til að gera framkvæmdaáætlun innan tveggja mánaða. Umsjónaraðili veitir fræðsluaðila stuðning og ráðgjöf á þeim tíma, eða ræður matsaðila að verkefninu.

Mæti fræðsluaðili ekki lágmarksviðmiðum í matinu tilkynnir umsjónaraðili honum að umsókninni hafi verið hafnað og leggur fram ástæður fyrir því.

Komi með tímanum í ljós, í ársskýrslu eða öðrum viðeigandi upplýsingum, að fræðsluaðili uppfyllir ekki viðmið EQM, dregur umsjónaraðili viðurkenningu EQM til baka með 14 daga viðvörun og neitar fræðsluaðila um leyfi til að nota EQM merkið.